

Fundargerð 51. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar haldinn 14. október 2010, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, Skógarbraut 946 á Ásbrú.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Reynir Ólafsson,
Berglind Kristinsdóttir,
Inga Sólnes,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkv. stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.
Óli Halldór Konráðsson, verkefnastjóri ÞK, kom inn á fund undir lið 2.

1. Fundargerð síðasta fundar
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. 6 mánaða uppgjör
Framkvæmdastjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör með stjórn. Óli Halldór verkefnastjóri kom inn undir þessum lið. Stjórn samþykkti uppgjórið.
3. Rekstraráætlun ÞK 2010 - 2011
Lögð fyrir stjórn til samþykktar. Stjórn samþykkti rekstraráætlun félagsins fyrir næsta ár.
4. Háskólavellir
Erindi Háskólavalla tekið fyrir. Sá hluti erindisins sem lýtur að frýstingu lána var samþykktur. Stjórnin gerir athugasemd við þann hluta erindis er varðar útleigu eigna Háskólavalla á almennum leigumarkaði. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ræða málið við forsvarsmenn Háskólavalla.
5. Ferðapunktur ÞK frá USA ferð
Framkvæmdastjóri sagði frá heimsókn starfsmanna til frumkvöðlafyrirtækja í Bandaríkjunum og heilsuráðstefnu sem var sótt í sömu ferð.
SRI, áður Stanford Research Institute: Horft á nýsköpunum sem verklag.
Framkvæmdastjóri sagði frá námskeiði sem SRI heldur og tók stjórn vel í að komið verði á samstarfi við SRI um námskeiðahald hér á landi.
6. Önnur mál
Sjúkrahús
Framkvæmdastjóri greindi stjórn frá því að endanleg kostnaðaráætlun væri tilbúin.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 11.nóvember 2010.

